

Eftirfylgni: *Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki tvær ábendingar sem stofnunin beindi til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2015 og vörðuðu fjármálastjórn og rekstrarstöðu háskólans. Sú fyrri laut að því að tryggja þyrfti að rekstur skólans yrði ávallt innan fjárheimilda og var henni beint bæði til ráðuneytisins og skólans. Seinni ábendingin laut að því að finna þyrfti varanlega lausn á skuld skólans við ríkissjóð.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur verið brugðist við ábendingunum með viðunandi hætti. Háskólinn hefur skilað rekstrarafgangi frá árinu 2015 og útlit er fyrir að árið 2017 verði gert upp með umtalsverðum afgangi. Markmiði um að reksturinn sé innan fjárheimilda hefur því verið náð.

Rekstrarafgangur síðustu ára hefur verið nýttur til að greiða niður skuld Landbúnaðarháskólans við ríkissjóð sem nam í árslok 2013 alls 751 m.kr. Í árslok 2016 nam hún 38 m.kr. og allt bendir til þess að skólinn muni verða skuldlaus gagnvart ríkissjóði í árslok 2017. Að stórum hluta til stafar þessi viðsnúningur af því að uppsöfnuð skuld skólans var lækkuð um 340,9 m.kr. í lokafjárlögum 2015. Í upphafi árs 2016 var eigið fé skólans neikvætt um 390 m.kr. en það var orðið jákvætt um 18,9 m.kr. í lok ársins.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar 2012

Í skýrslunni [Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands](#) (2012) fjallaði Ríkisendurskoðun um alvarlega fjárhagsstöðu háskólans. Ákvarðanir stjórnenda hans hefðu teft hagsmunum ríkisins í tvísýnu og staða skólans væri óljós til framtíðar litið. Mikilvægt væri að yfirvöld menntamála gripu til róttækra aðgerða til að halda honum innan fjárheimilda og stöðva hallarekstur og skuldaförnu við ríkissjóð. Í skýrslunni beindi stofnunin sex ábendingum um nauðsynlegar úrbætur til mennta- og menningarmálaráðuneytis og tveimur til skólans.

Ábendingar 2015

Í skýrslunni [Eftirfylgni: Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands](#) (2015) ítrekaði Ríkisendurskoðun tvær af áður nefndum sex ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis og eina til Landbúnaðarháskólans. Annars vegar þyrfti að tryggja að rekstur skólans rúmaðist innan fjárheimilda og hins vegar þyrfti að finna varanlega lausn á skuld hans við ríkissjóð sem Alþingi hefði aldrei heimilað.

Í viðbrögðum mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2015 við fyrri ábendingunni vísaði ráðuneytið til þess markmiðs stjórnenda skólans að ná grunnrekstri hans í jafnvægi árið 2014. Rekstrarhalli skólans nam reyndar það ár 11 m.kr. og uppsafnaður halli í árslok 433 m.kr. Rekstrarafgangur upp á 56 m.kr. á fyrstu átta mánuðum 2015 og lækkun á rekstrarkostnaði skólans voru að mati ráðuneytisins vísbendingar um að reksturinn væri að þróast í rétta átt.

Í viðbrögðum skólans við sömu ábendingu var fullyrt að stjórnendur hans hefðu gripið til margháttaðra ráðstafana til að koma rekstrinum inn fyrir ramma fjárheimilda. Var það þeirra mat að náðst hefði góður árangur og bentu þeir á að skólinn hefði nýlega greitt 150 m.kr. af handbæru fé inn á skuld sína við ríkissjóð. Þá væri fagnaðarefni að í þáverandi fjárlagafrumvarpi væri gert ráð fyrir að ríkisframlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til skólans yrði verðbætt en það hefði frá árinu 2008 ekki þróast í takt við laun og verðlag.

Að lokum svaraði ráðuneytið því að unnið væri að lausn á skuld skólans við ríkissjóð. Nýta ætti rekstrarafgang ársins 2015 og næstu ára til að greiða niður uppsafnaðan halla. Ráðuneytið hefði ítrekað tilmæli sín til skólans um að skila í ríkissjóð handbæru fé sem væri umfram þarfir hans. Því til viðbótar myndi ráðuneytið áfram sækja um hækkun á framlögum til skólans í fjár- og fjárukalögum.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneyti og Landbúnaðarháskólinn svöruðu því hvort brugðist hefði verið við ábendingunum, hvenær og með hvaða hætti. Svör bárust í janúar 2018.

Í svari ráðuneytisins vegna fyrri ábendingarinnar kom fram að víðtækar aðhaldsaðgerðir skólans hefðu skilað sér í lækkuðum rekstrarkostnaði. Markmið um að ná grunnrekstri í jafnvægi í árslok 2014 hefði að mestu gengið eftir og reksturinn verið í góðu jafnvægi frá árinu 2015. Ákvörðun um að fella neikvæðan höfuðstól skólans að verulegu leyti niður í lokafjárlögum 2015 hefði ásamt jákvæðri rekstrarniðurstöðu árána 2015 og 2016 leitt til þess að í árslok 2016 hefði höfuðstóllinn verið jákvæður í fyrsta sinn síðan skólinn færðist undir stjórnslulegt forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis í ársbyrjun 2008. Ráðuneytið teldi að umtalsverður árangur hefði náðst í rekstri skólans undanengin fjögur ár og að markmið um að reksturinn væri innan fjárheimilda hefði náðst.

Í svari skólans vegna sömu ábendingar var einnig greint frá þeim viðsnúningi sem orðið hefði í rekstrinum. Skólinn hefði á árinu 2017 í fyrsta skipti skilað ársreikningi með jákvæðum höfuðstól. Þar hafi munað mestu að stór hluti af skuldinni við ríkissjóð var afskrifaður.

Varðandi seinni ábendinguna benti ráðuneytið á að skuld skólans við ríkissjóð hefði numið 751 m.kr. í árslok 2013. Skólinn hefði undanfarin ár skilað árlega þeim fjármunum í ríkissjóð sem eru umfram það sem hann þarf til rekstrar hverju sinni. Í árslok 2016 hefði skuld skólans við ríkissjóð numið 38,3 m.kr. og útlit væri fyrir að hann yrði skuldlaus í árslok 2017.

Samkvæmt ríkisreikningi árið 2016 var rekstrarniðurstaða skólans þá jákvæð um 67,8 m.kr. samanborið við 32,5 m.kr. árið á undan. Höfuðstóll var jákvæður í árslok 2016 um 8,4 m.kr. en neikvæður um 400,3 m.kr. í árslok 2015. Eigið fé í árslok 2016 var jákvætt um 18,9 m.kr. samanborið við neikvæða stöðu upp á 389,8 m.kr. árið á undan. Skuld skólans við ríkissjóð nam aftur á móti 38,3 m.kr. í lok 2016 og hafði lækkað úr 446 m.kr. árið á undan.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Landbúnaðarháskóli Íslands fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.